

Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.000, og útlagður kostnaður samkvæmt framlögðum reikningum, kr. 346.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Svövu Þórðardóttur persónulega og fyrir hönd ófjárráðasona, Sigurðar Vilhjálmssonar, Hilmis Vilhjálmssonar og Steinars Vilhjálmssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefnenda við rekstur máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.000, og útlagður kostnaður samkvæmt framlögðum reikningum, kr. 346.000.

Fimmtudaginn 17. mars 1983.

Nr. 208/1981. **Kristinn Sveinsson**

(Barði Friðriksson hrl.)

gegn

Guðjóni Jóhannssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Vinnusamningur. Veikindadagar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 12. febrúar 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. febrúar s. á. Útivist varð af hans hálfu á dómþingi 2. október s. á., og féll málssóknin þá niður. Hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 6. október s. m., sbr. 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þannig að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3.491.45 með 23.5% ársvöxtum frá 18. nóvember 1978 til 15. janúar 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og með 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í málinu, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi leitaði til heimilislæknis síns í júlímánuði 1978, sem pantaði þá vist fyrir hann á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði. Þegar stefndi síðar um sumarið bað áfrýjanda leyfis frá störfum til dvalar í heilsuhælinu, lét hann þess eigi getið, að ástæða beiðinnar væri sú, að hann teldi sig óvinnufæran. Eigi fór hann þá fram á að fá greidd laun, meðan á hælsvistinni stæði. Í vottorði heimilislæknis stefnda frá 13. október 1978, sem tilfært er í hinum áfrýjaða dómi, er ekki tekin ótvíræð afstaða til óvinnufærni stefnda, og í vætti sama læknis kemur fram, að hann man ekki sérstaklega eftir afskiptum sínum af stefnda í þeim tilvikum, er hér skipta máli. Sjálfur hefur stefndi lýst yfir því fyrir dómi, að hann hafi hvorki talið sig óvinnufæran, þegar hann vitjaði læknis síns, er áður getur, né þegar hann hóf dvölinu í heilsuhælinu.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir stefndi ekki hafa fært fullnægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikinda á því tímabili, er um ræðir, sbr. 5. gr. laga nr. 16/1958 og gr. 7.3. í kjarasamningi byggingamanna frá 22. júní 1977.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um sýknu, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Kristinn Sveinsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Guðjóns Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. júní sl., hefur stefnandi, Guðjón Jóhannsson trésmiður, Laugarnesvegi 112, Reykjavík, höfðað gegn Kristni Sveinssyni byggingameistara, Hólalatekk 5, Reykjavík, með stefnu, birtri 15. janúar 1980.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 349.145 með 23.5% ársvöxtum frá 18. nóvember 1978 til 15. janúar 1980, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56 30. maí 1979 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honun tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar með aðiljum, en án árangurs.

Báðir aðiljar hafa gefið skýrslur fyrir dómnum svo og vitnin Davíð Ólafsson verkstjóri og Bergþór Smári læknir.

Málavextir.

Stefnandi er trésmiður að mennt og lauk prófi í iðngrein sinni árið 1960. Hann er fæddur árið 1910. Stefnandi kvaðst hafa byrjað störf hjá stefnda líklega árið 1968 og starfað hjá honum óslitið síðan. Ekki hefði hann starfað hjá öðrum aðiljum á þessum tíma. Stefnandi kvað starf sitt hafa verið almenna byggingavinnu, bæði bygging nýrra húsa og viðgerðir og lagfæringar á eldri húsum. Stefnandi kvaðst einnig hafa unnið byggingavinnu, áður en hann hóf störf hjá stefnda, bæði fyrir og eftir þann tíma, að hann var við iðnnám. Stefnandi kvaðst nokkuð lengi hafa haft vöðvabólgu og fyrst fundið verulega fyrir henni á árunum milli 1965 og 1970. Þá hefði hann brugðið á það ráð að skipta um trésmiðasvuntu, notað mittissvuntu í stað svuntu með bandi yfir háls. Við það hefðu verkirnir horfið. Stefnandi kvaðst annað hvort á árinu 1974 eða 1975 hafa orðið fyrir því áfalli að detta ofan í steypa gryfju í Sundaskála Eimskipafélags Íslands h/f á hægri öxlina. Hann hefði ekki brotnað né brákast, en frá þessum tíma hefði hann alltaf verið slæmur í öxlinni og herðunum. Upp úr þessu hefði vöðvabólgan versnað að mun, hann hefði átt erfiðara með vinnu, einkum þegar hann hefði þurft að vinna upp fyrir sig, og hefði vöðvabólga valdið sér bæði þrautum og kvölum. Stundum hefði hönd sín dottið niður alveg máttlaus. Þegar hann hefði þurft að aka bifreið aftur á bak, hefði hann ekki getað litið aftur fyrir sig með því að snúa höfðinu, heldur hefði hann þurft að hreyfa allan líkamann. Vöðvabólgan hefði sífellt farið versnandi. Hann hefði talið annað ófært en leita sér lækninga. Það hefði hann gert í sumarleyfi sínu árið 1978 og þá leitað til heimilislæknis síns, Bergþórs Smára. Læknirinn hefði ráðlagt sér dvöl á heisluhæli NLFÍ í Hveragerði og hefði

hann skýrt stefnda frá þessu og spurt hann að því, hvort hann mundi ekki samþykka það, hvað hann hefði gert. Einnig hefði hann skýrt verkstjóra sínum, Davíð Ólafssyni, frá þessu. Stefnandi kvað kaupgreiðslur í þessu leyfi ekki hafa borið á góma, en stefndi hefði áður sagt starfsmönnum sínum, að þeir ættu að hafa læknisvottorð, að öðrum kosti fengju þeir ekki greitt kaup í veikindaforföllum. Stefnandi kvaðst hafa skýrt stefnda frá fyrirhugaðri dvöl sinni í Hveragerði hálfum mánuði eða mánuði áður en hann fór þangað. Stefnandi kvaðst hafa ætlað að sýna stefnda vottorð það, sem hann fékk hjá Bergþóri Smára lækni, áður en hann fór til Hveragerðis, en af því hefði ekki orðið, vegna þess að stefndi hefði ekki sjálfur komið til þess að greiða kaupið, áður en hann fór, og hefði það dregist, þar til hann kom aftur þaðan.

Umrætt vottorð, dagsett 13. október 1978, er svohljóðandi: „Guðjón Jóhannsson, Laugarnesvegi 112, Reykjavík, er með mikla vöðvabólgu í hálsi, herðum og handleggjum. Ég hef ráðlagt honum dvöl í nokkrar vikur í heilsuhæli N.L.F.Í. í Hveragerði.

B. Smári.“

Stefnandi kvað sér hafa batnað ákaflega vel. Þó fyndi hann fyrir þrautum, sérstaklega í öðrum handleggjum.

Stefnandi kvaðst ekki hafa talið sig óvinnufæran, áður en hann fór til Hveragerðis, hann hefði alltaf þvælst svona, þótt hann fyndi til. Hann hefði talið sig geta farið í vinnu.

Stefndi kvaðst ekki hafa vitað til þess, að stefnandi hefði þjáðst af vöðvabólgu, fyrr en hann hefði séð vottorð Bergþórs Smára læknis. Stefnandi hefði sagt sér, að hann ætlaði af fara sér til hvíldar og hressingar austur í Hveragerði, og hefði það verið einhvern tíma sumarið 1978. Stefnandi kvaðst ekki minnst þess, að stefnandi hefði þá rætt um, að hann væri með vöðvabólgu. Verkstjórinn hefði heldur ekki minnst á það, að stefnandi væri með vöðvabólgu, áður en vottorð Bergþórs Smára hefði komið til sögunnar. Aldrei hefðu þeir rætt um kaupgreiðslur í þessu leyfi stefnanda. Sér hefði fundist stefnandi hressast vel við dvölinu í Hveragerði, og kvaðst stefndi hafa verið ánægður, hvað hann hefði haft gott af hvíldinni þar austur frá. Stefnandi kvað sig ráma í, að stefnandi hefði orðið fyrir óhappi inni í Sunda-skála. Stefnandi kvað stefnanda ekki hafa haft nein veikindaforföll, sem orð væri á gerandi, á þeim tíma, sem hann hefði starfað hjá sér.

Bergþór Smári læknir skýrði svo frá, að hann myndi ekki eftir því, þegar stefnandi kom til hans vegna vöðvabólgunnar og fékk framangreint vottorð. Hann kvaðst hafa verið heimilislæknir stefnanda í áratugi, en afar sjaldan þurft að hafa afskipti af honum. Hann kvað vöðvabólgu vera þess eðlis, að menn veiktust ekki af henni allt í einu, heldur aukist hún hægt

og hægt á vikum, mánuðum eða árum og að því komi, að sjúklingurinn fái svo mikla verki, stirðleika og því um líkt, að hann leiti loks lækni. Þetta sé ekki „akut“ sjúkdómur og ekki skipti meginmáli, hvort lækning hefjist mánuði fyrir eða síðar. Ástæður þessa sjúkdóms geti verið margar, rangar stellingar líkamans til lengri tíma, kuldi, jafnvel streita og oft væri ekki hægt að finna neina sérstaka ástæðu. Þennan sjúkdóm væri ekki hægt að lækna í eitt skipti fyrir öll, en beitt væri nuddi, rafmagni stuttbylgjum og hljóðbylgjum, leirböðum í Hveragerði og ekki sist hvíld og afslökun. Menn á öllum aldri geti fengið þennan sjúkdóm, en með aldrinum verði menn yfirleitt kvillasamari. Vitnið kvaðst halda, að óhapp, eins og stefndi varð fyrir í Sundaskála, hefði að jafnaði ekki þau áhrif, að vöðvabólga ykist við það. Vitnið kvað stefnanda ekki endilega hafa verið óvinnufæran, áður en hann fór á heilsuhælið, þótt hann myndi ekki sérstaklega eftir tilfelli hans. Sjúkdómurinn sé oft þannig, að viðkomandi geti pint sig við vinnu, þar til hann leggist inn í meðferð, en á meðan á henni standi vinni enginn. Sjúkdómurinn geti orðið það slæmur, að menn geti ekki hreyft sig við vinnu, en vitnið kvaðst álíta, að það væri ekki algengt. Vitnið kvað ekki óyggjandi, að hægt væri að rekja vöðvabólgu stefnanda til þeirra starfa, sem hann stundaði. Hann kvað ekki hægt að vista menn á annarri stofnun en heilsuhælinu, en hins vegar gætu menn farið til gigtarlæknis, en af því að hvíldin sé svo mikils virði, hafi hann stungið upp á hælisdvöl.

Vitnið Davíð Ólafsson skýrði frá því, að hann væri og hefði verið verkstjóri hjá stefnda frá árinu 1972. Stefnandi hefði frá þeim tíma starfað undir sinni verkstjórn. Hann kvaðst ekki minnst þess, að stefnandi hefði nokkru sinni minnst á, að hann væri með vöðvabólgu, en hann sé mjög harður af sér og stundi vinnu sína vel. hann hefði mjög fáa daga verið fjarverandi vegna veikinda. Vitnið kvaðst þó hafa merkt u. þ. b. hálfu ári áður en stefnandi hefði farið til Hveragerðis, að hann væri ekki alveg líkamlega heill, en hann hefði skilað starfi sínu fyrir það. Vitnið kvaðst muna eftir því óhappi, sem stefnandi hefði orðið fyrir í Sundaskála. Vitnið kvaðst ekki minnst þess, að stefnandi hefði orðað við sig, að til stæði, að hann færi til Hveragerðis, fyrr en eftir að hann kom úr sumarfríi sínu. Hann hefði þá ekkert talað um kaupgreiðslur, á meðan á dvölinni stæði, en vitnið kvaðst ekkert hafa haft með kaupgreiðslur að gera. Vitnið kvaðst heldur ekki minnst þess, að stefnandi hefði orðað það, að hann hefði fengið vottorð hjá lækni.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig, að fyrir dagvinnu á tímabilinu frá 18. október til 18. nóvember 1978 krefst hann kr. 258.888, fyrir eftirvinnu kr. 63.432 og 8.33% orlofs af þessum fjárhæðum, kr. 26.825, eða samtals kr. 349.145.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að hann eigi rétt á kaupgreiðslum úr hendi stefnda fyrir þann tíma, er hann dvaldi á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði, samkvæmt lögum nr. 16/1958 og gr. 7.3. í kjarasamningi byggingamanna frá 22. júní 1977, en stefnandi hafi verið haldinn sjúkdómi, sem falli undir skilgreiningu á sjúkdómi í framannefndum lögum og kjarasamningi.

Samkvæmt framburði verkstjóra stefnanda og stefnanda sjálfs sé ljóst, að hann hafi átt æ erfiðara með vinnu síðustu mánuðina, áður en hann fór á heilsuhælið. Stefnandi hafi í þá átt, að stefnandi gæti ekki hreyft sig við vinnu, og hefði hann þá orðið algerlega óvinnufær. Reglu framangreindra laga um óvinnufærni sé ekki hægt að skýra þannig, að sá einn eigi rétt til laungreiðslna í veikindum, sem sé algerlega óvinnufær, heldur verði að miða við þann tíma, sem launþega sé nauðynlegt að hætta vinnu til þess að fá bata, enda sé ekki hægt að ætlast til þess, að menn vinni, þar til þeir geti ekki meira. Óvinnufærni verði að leggja að jöfnu við ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sjúkdóma og til þess að ná bata af sjúkdómum. Þessar skýringar séu í samræmi við skilgreiningar erlendra fræðimanna á hugtakinu óvinnufærni.

Eins og ástatt var með stefnanda, hafi honum verið brýn nauðsyn á að leita sér lækninga og því hafi hælisdvölin verið honum nauðsynleg. Hann hafi fengið góðan bata af vöðvabólgunni og hafi lítið kennt hennar síðan.

Engu máli skipti, hvenær stefnandi hafi fengið læknisvottorðið. Hann hafi verið búinn að skýra stefnda frá því, að til stæði, að hann færi á heilsuhælið, og stefndi gefið samþykki sitt. Stefnandi hafi gert tilraun til þess að koma læknisvottorðinu til stefnda, áður en dvölin hófst, sem ekki hafi tekist. Hann hafi síðan skilað vottorðinu strax að dvölinni lokinni. Þótt vottorðið hafi ekki komist fyrr í hendur stefnda, eigi það ekki að varða stefnanda nokkrum réttindamissi.

Stefndi.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að stefnandi hafi ekki skýrt stefnda frá því, áður en hann fór á heilsuhælið, að um sjúkdómsforföll væri að ræða. Hann hefði ekki framvísað læknisvottorði fyrr en 5 vikum eftir að dvölin hófst. Samkvæmt gr. 7.3.3. í kjarasamningi byggingamanna frá 22. júní 1977 eigi launþegi að tilkynna veikindi á fyrsta veikindadegi. Ekkert sérstakt hafi verið því til fyrirstöðu, að stefnandi skilaði læknisvottorði, þegar dvölin hófst, en drátt á tilkynningu veikinda megi leggja að jöfnu við, að veikindi séu ekki tilkynnt. Sýkna eigi stefnda af kröfum stefnanda þegar af þessari ástæðu.

Stefnandi hafi ekki sannað, að vöðvabólga geti talist sjúkdómur í skiln-

ingi laga nr. 16/1958, en samkvæmt lögnum og kjarasamningnum eigi launþegi aðeins rétt á launagreiðslum í þeim sjúkdómstílfellum, sem valdi óvinnufærni. Vöðvabólga geti ekki talist atvinnusjúkdumur, en fjölmargir séu haldnir henni.

Stefnandi hafi verið kominn á eftirlaunaaldur, þegar þetta gerðist, og farinn að slitna að kröftum og eðlilegt, að hann tæki sér hvíld. Stefnandi haldi því sjálfur fram, að hann hafi ekki verið orðinn óvinnufær, þegar beðið var um vist fyrir hann á heilsuhælinu, né heldur þegar hann fór þangað. Óvinnufærni sé skilyrði fyrir launagreiðslum í veikindatílfellum og verði vottorð læknis að sýna, að um óvinnufærni sé að ræða, en það sýni læknisvottorð stefnanda ekki.

Þá beri þess að gæta, að flestir vöðvabólgujúklingar fari í lækningu í Reykjavík, en ekki Hveragerði, og hafi vinnuveitendur aldrei greitt launþegum laun, á meðan dvöl í Hveragerði hafi staðið, en ef sú yrði niðurstaðan, að þeim bæri skylda til þess, yrði það stórhættulegt fordæmi.

Forsendur og niðurstaða.

Fram er komið í máli þessu, að stefnda var kunn sú fyrirætlan stefnanda að dvelja á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði, og ekki er öðru haldið fram en hann hafi gefið stefnanda leyfi frá vinnu í því skyni. Upplýst er, að launagreiðslur, á meðan á dvölinni stóð, bárust ekki í tal á milli aðilja, að stefnandi framvísaði ekki vottorði læknis fyrr en eftir að dvölinni lauk.

Stefnandi dvaldi á heilsuhælinu frá 18. október til 18. nóvember árið 1978, en þá voru í gildi lög nr. 16 9. apríl 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nú lög nr. 19 1. maí 1979. Þá var og í gildi kjarasamningur byggingamanna frá 22. júní 1977, sem stefnandi og stefndi voru báðir aðilar að.

Óumdeilt er í málinu, að ráðning og vinna stefnanda hjá stefnda var með þeim hætti, að stefnandi naut fyllstu réttinda, er 4. gr. laga nr. 16/1958 og 7. gr. kjarasamningsins kveða á um.

Í 5. gr. laga nr. 16/1958 er einungis tekið fram, að vilji launþegi neyta réttar sína skv. 4. gr., þ. á m. að fá laun greidd í veikindaforföllum, skuli hann afhenda atvinnurekanda vottorð læknis um veikindin, óski atvinnurekandinn þess. Skylda launþega í þessu efni virðist því aðeins bundin ósk atvinnurekandans. Ákvæði 4. gr. laganna er tekið óbreytt upp í 8. gr. laga nr. 19/1979.

Í kjarasamningnum er um þetta atriði einungis ákvæði í gr. 7.3.3., þar sem segir, að vinnuveitandi greiði læknisvottorð að því tilskyldu, að veikindi verði þegar tilkynnt á fyrsta veikindadegi, en þetta ákvæði verður að

skilja svo, að aðeins sé átt við kostnað við öflun læknisvottorðs, en ekki launagreiðslur.

Ekki er komið fram, að dvöl stefnanda á heilsuhælinu á þessum tíma hafi valdið stefnda neinum vandkvæðum varðandi atvinnurekstur hans, enda vissi hann um hana með fyrirvara, eins og áður segir, eða það hafi í raun skipt hann máli, hvenær hann fékk læknisvottorðið í hendur.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki talið, að stefnandi hafi misst í neinu af rétti sínum til launagreiðslna, enda þótt hann hafi ekki framvísað læknisvottorði við stefnda, fyrr en raun varð á.

Hvergi er að finna skilgreiningu á því, hvað telst sjúkdómur í skilningi laga nr. 16/1958 eða kjarasamningnum. Lögin og kjarasamninginn sömu-leiðis verður að skilja svo, að þeim sé ætlað að veita launþegum ákveðið fjárhagsöryggi í veikinda- og slysatilvikum og þá einnig að koma í veg fyrir, að menn pini sig til skaða við vinnu, þegar þannig er ástatt, í því skyni að missa ekki af launum. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að undir sjúkdóm í skilningi laganna falli það ástand líkama og/eða sálar, sem geri það að verkum, að launþega sé ókleift eða mjög óhægt að inna störf sín af höndum, en í 5. gr. laga nr. 16/1958 er kveðið á um, að vottorð læknis um veikindi eða slys eigi að sýna, að launþegi hafi verið óvinnufær af þeim sökum. Þetta ákvæði 5. gr. þykir þó ekki mega skýra svo þröngt, að launþegi samkvæmt því þurfi að vera í þannig ástandi, að hann geti með engu móti innt starf sitt af höndum, heldur verður einnig að líta til þess, hvort sjúkdómurinn var þess eðlis og á því stigi, að honum hafi verið nauðsyn á að hætta vinnu til að leita sér lækninga í því skyni að fá bata eða koma í veg fyrir mögnun sjúkdómsins, svo að honum megi verða sem minnstur bagi af honum við vinnu sína. Þykir ekki öllu máli skipta í þess sambandi, hvaða nafn læknisfræðin gefur sjúkdómi af þessu tagi í hverju tilviki.

Telja verður upplýst, að stefnandi hafi um alllangt skeið, áður en hann dvaldi á heilsuhælinu, þjáðst af vöðvabólgu. Verkstjóri stefnanda kvað hann hafa verið harðan af sér við vinnu og mjög sjaldan frá vegna veikinda. Sama sagði stefndi um veikindin. Heimilislæknir stefnanda ber, að hann hafi afar sjaldan þurft að leita til sín á þeim langa tíma, sem hann hafi verið læknir stefnanda. Stefnandi skýrði sjálfur svo frá, að hann hefði ekki verið óvinnufær, þegar hann fór til dvalarinnar, en liðið þjáningar og átt eritt með ákveðnar hreyfingar. Hann heldur því fram, að sér hafi verið dvölin nauðsynleg, til þess að hann yrði ekki algerlega óvinnufær, enda hafi hann fengið góðan bata, á meðan á dvölinni stóð. Verkstjórinn kveðst hafa orðið var við veikindi stefnanda.

Í vottorði læknis kemur fram, að stefnandi sé með mikla vöðvabólgu í hálsi, herðum og handleggjum.

Ekkert er komið fram, sem hnekkir hefur lýsingu læknisins og stefnanda

á sjúkdómnum og lýsingu stefnanda á áhrifum sjúkdómsins á vinnugetu hans.

Með vísan til þess, sem að framan er sagt, þykir verða að telja líkamlegt ástand stefnanda sjúkdóm í skilningi laga nr. 16/1959 og 7. gr. kjarasamnings byggingamanna frá 22. júní 1977 og sömuleiðis að sjúkdómurinn hafi verið á því stigi, að eðlilegt hafi verið, að stefnandi leitaði sér lækninga að ráði læknis og þá án þess að missa rétt til launa, á meðan á lækningu stóð.

Í málinu er ekki deilt um fjárhæð kröfu stefnanda, og vaxtakröfu hans hefur ekki verið mótmælt. Niðurstaða dómsins er því sú, að kröfur stefnanda beri að taka til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 180.000.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kristinn Sveinsson, greiði stefnanda, Guðjóni Jóhannssyni, kr. 349.145 með 23,5% ársvöxtum frá 18. nóvember 1978 til 15. janúar 1980 og með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56 30. maí 1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. mars 1983.

Nr. 53/1981.

Björn Pétursson & Co. h/f

(Skúli Pálmason hrl.)

gegn

Hákoni Árnasyni hæstaréttarlögmanni

f. h. Marc Aurel

(sjálfur).

Lausafjárkaup. Vextir af kröfu í erlendri mynt. Verslunartíska. Fjárnámserð staðfest. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.